

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 125/1140*  
*komudagur 22.3.2000*

Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri við Templarasund  
150 Reykjavík

Reykjavík 20.mars 2000


Efni: Umsögn um frumvarp til höfundalaga, 325. mál, EES-reglur.

Einkum er tvennt í þessu frumvarpi sem snertir starfssvið Námsgagnastofnunar. Annars vegar er það meðferð notenda tölvuforríta á þeim, en stofnunin er umsvifamikil á sviði útgáfu kennsluhugbúnaðar, og hins vegar þóknun til höfundarréttihafa kvikmyndaverka, þar sem stofnunin rekur fræðslumyndasafn.

Eðlilegt hlýtur að teljast, sbr. 3. grein frumvarpsins, að sá sem hefur notendarétt á tölvuforriti hafi rétt til gerðar vara- og öryggiseintaka af því. Hins vegar er gerð athugasemd við það að notendur forrita hafi heimild til breytinga á þeim, sbr. 7. grein frumvarpsins. Ekki verður annað séð en að þarna sé um brot á höfundarétti að ræða. Námsgangastofnun gerir í mörgum tilvikum útgáfusamninga við réttihafa um útgáfu og dreifingu forrita og verður ekki með neinu móti séð að hægt sé að áskilja í slíkum samningum að notendum sé heimilt að gera breytingar á forritunum, frekar en öðru efni sem bundið er höfundarétti.

Varðandi þóknun til höfunda kvikmyndaverks vegna útleigu verka þeirra er það að segja að stofnunin gerir undantekningalaust samninga við réttihafa um slíka þóknun og nær þá útleigurétturinn til skóla á Íslandi.

Virðingarfyllst,



Tóggvi Jakobsson  
útgáfustjóri